



TÁLKNAFJARÐARHREPPUR



GJALDSKRÁ

fyrir hunda- og kattahald í Tálknafjarðarhreppi

Hundahald

1.gr.

Af hundum í Tálknafjarðarhreppi skal sveitarsjóður innheimta gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari, sem er ætluð að standa undir kostnaði við framkvæmd samþykktar um hunda- og kattahald í Tálknafjarðarhreppi dagsettri 12. desember 2019.

2.gr.

Við umsókn um skráningu hunds skal innheimta gjald sem hér segir:

- Fyrsta leyfisgjald, skráning kr. 11.850.-
- Leyfisveiting eftir útrunninn frest, skv. 2.gr. samþykktar um hundahald kr. 15.325.-
- Bráðabirgðaleyfi, kr. 4.150.-

3.gr.

Af skráðum hundum skal innheimta árlegt eftirlitsgjald, þó ekki á skráningarári, sem hér segir:

- Fyrir hvern hund kr. 9.455.-

4.gr.

Árleg hundahreinsun og ábyrgðartrygging er innifalin í gjaldi samkvæmt 2. og 3.grein gjaldskrár þessarar.

5.gr.

Við hverja afhendingu handsamaðs hunds ber að innheimta gjald.

- Handsömun 1. skipti kr. 10.600,-
- Handsömun 2. skipti kr. 21.200,-
- Handsömun 3. skipti kr. 21.200,-
- Fyrsta afhending – hundur án leyfis kr. 24.600,-

Að auki skal greiða þann kostnað sem leggst á vegna dvalar eða geymslu viðkomandi hunds. Óskráða hunda má ekki afhenda fyrr en að lokinni skráningu og greiðslu skráningargjalds.



TÁLKNAFJARÐARHREPPUR



Kattahald

6. grein

Af köttum í Tálknafjarðarhreppi skal sveitarsjóður innheimta gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari, sem er ætluð til að standa undir kostnaði við framkvæmd samþykktar um kattahald í Tálknafjarðarhreppi, nr. 1/2007 sbr. 2. gr. hennar.

7. grein

Við umsókn um skráningu kattar skal innheimta gjald sem hér segir :

- Skráningargjald kr. 7.850.-
- Leyfisveiting eftir útrunninn frest sbr. 2. gr. samþykktar um kattahald kr. 11.250.-
- Bráðabirgðaleyfi, kr. 3.950.-

8. grein

Af skráðum köttum skal innheimta árlegt leyfisgjald, fyrir hvern kött kr. 6.200. Ekki skal innheimta leyfisgjald sama ár og köttur er skráður.

9. grein

Innifalið í leyfisgjaldi er ormahreinsun, trygging og umsýslugjald sveitarfélagsins.

10. grein

Veittur er 3.360.- kr. afsláttur af árlegu leyfisgjaldi ef leyfishafi framvísar staðfestingu dýralæknis á því að gelding hafi farið fram.

11. grein

Gjalddagi skv. 3. og 8. gr. er 15. júlí og eindagi 30 dögum síðar. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga séu gjöldin ekki greidd á eindaga. Um innheimtu gjalda fer samkvæmt ákvæðum laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998.



TÁLKNAFJARÐARHREPPUR



12. grein

Gjaldskrá þessi, sem er samþykkt af hreppsnefnd Tálknafjarðarhrepps, staðfestist hér með samkvæmt 59. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum og öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir hundahald í Tálknafjarðarhreppi og gjaldskrá fyrir kattahald í Tálknafjarðarhreppi sem samþykktar voru 21. desember 2020.

Samþykkt á 583. fundi sveitarstjórnar Tálknafjarðarhrepps, 15. desember 2021

Ólafur Þór Ólafsson, sveitarstjóri